

9. gr.

8

Alþjóðasamningar og sérsamningar við erlendar póst- og símastjórnir, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, enda má ákveða sektir við brotum gegn þeim.

9. jan.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 14. júní 1929, um stjórn póstmála og símamála, eftir því, sem framkvæmd á ákvæðum laganna gerir nauðsynlegt.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1935. Jafnóðum og sameining sú á stjórn og starfrækslu pósts og síma, sem í lögunum felst, er á komín, falla niður þær stöður, sem óþarfar verða vegna sameiningarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

9

um mat á fiskúrgangi.

9. jan.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allan hertan fiskúrgang (hryggi, hausa o. fl.), sem seldur er til framleiðslu á fiskmjöli hér á landi eða til útflutnings, skal meta af þar til skipuðum opinberum matsmönnum. Nánari fyrirmæli um hirðingu og meðferð þurrbeina gefa matsmenn, samkvæmt erindisbréfi, er þeim verður sett.

9

2. gr.

9. jan.

Matsmenn á þurrbeinum skipar lögreglustjóri á hverjum stað. Skulu það að jafnaði, þegar því verður við komið, vera sömu menn og hafa á hendi fiskimatið.

Áður en matsmenn taka til starfa skulu þeir undirrita eiðstaf, er ráðuneytið fyrirskipar.

3. gr.

Þóknun matsmanna fyrir starf þeirra við matið greiðir eigandi þurrbeina, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um matið.

4. gr.

Matsmenn mega ekki taka við nokkurri þóknun frá þeim, er matið er fyrir, eða öðrum, annari en þeirri, sem ákveðin er í reglugerð um matið.

Þeir mega ekki vera í þjónustu þeirra, er matið er fyrir, eða kaupenda þurrbeina.

5. gr.

Sá, sem selur þurrbein án þess að láta meta þau áður og fá vottorð um matið, skal sæta 500—2000 kr. sektum í rikissjóð. Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Um hegningu fyrir brot matsmanna gegn ákvæðum laga þessara fer eftir ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.